

***Fyrirspurn á viðræðum um bílastæðahús í miðbæ Selfoss***

-

Undirrituðum er kunnugt um viðræður milli Sv. Árborg og Sigtúns þróunarfélags um byggingu bílastæðahús við Eyraveg. Hver er staðan á þeim viðræðum?

Ljóst er að bílastæðaþörf mun aukast verulega á miðbæjarsvæðinu á næstunni. Nýr miðbær, nýr bæjargarður og nýtt menningarhús mun draga til sín fleiri gesti á svæðið. Bæði heimamenn og aðrir gestir munu í auknum mæli stoppa á miðbæjarsvæðinu sem er gott. Nú er einstakt tækifæri að byggja upp bílastæðin á tveimur hæðum á lóð Sigtúns þróunarfélags standi það til boða. Með þeirri framkvæmd má fjölga bílastæðum um allt að 120 stæði.

Miklar framkvæmdir standa yfir í miðbænum og langflest fyrirtæki og starfsmenn eru úr Árborg. Tekjur Sveitafélagsins af framkvæmdinni í formi útsvarstekna og fasteignagjöldum til framtíðar eru miklar. Því er eðlilegt að Sv. Árborg komi að framkvæmd við fjölgun bílastæða á miðbæjarsvæðinu enda ábyrgðaraðili að tveimur verkefnum sem kalla á bílastæði þ.e. nýr bæjargarður og nýtt menningarhús. Til greina kæmi að stofna bílastæðasjóð Árborgar og bílastæðin á þessu svæði og e.t.v fleiri svæðum yrðu gjaldskild.

Gunnar Egilsson fulltrúi D-lista